



Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk
Skólaárið 2023-2024

Lokahátíð í apríl 2024

Uppröðun skiptir máli. Allir nemendur sitja/standa á móti gestum, raðað í fallegar raðir, fer eftir fjölda og húsnæði. Þarf að vera nokkuð gott rými svo lesarar njóti sín, séu ekki of nálægt áheyrendum. Gestir boðnir velkomnir, skólastjóri/kennari eða kynnir. Gera þarf grein fyrir Litlu upplestrarkeppninni, sem hófst í Hafnarfirði 2010 og svo á viðkomandi svæði og hver markmiðin eru. Kynnir stýrir því hvernig nemendur kynna sig eða hann kynnir þá. Það þarf að vera vel æft þarf og heyrast vel. Möguleiki að kynna höfunda í upphafi frekar en við hvert atriði.

Dagskrá

1. Tónlistaratriði (gæti verið söngur eða eitt lag spilað á hljóðfæri)
2. Ljóð. *Snati og Óli* (*Þorsteinn Erlingsson*)
4. Texti: *Alvara lífsins* (*Jón Oddur og Jón Bjarni, höf. Guðrún Helgadóttir*)
5. Ljóð: *Kurteisi* (*Kristján Hreinsson*)
6. Málfarsmolinn
7. Þula: *Gamla konan* (*Úr handritum Steingríms Arasonar*)
8. Gestalesari úr 7. bekk, fulltrúi/varamaður skólans úr upplestrarkeppninni í 7. bekk sem haldin var í mars, les t.d. ljóð sem nemandinn flutti á viðkomandi lokahátíð.
9. Ljóð: *Draumur Óla* (*Stefán Jónsson*)
10. Tónlistaratriði
11. Texti: *Refurinn og krákan*
12. Þula: *Dýraþula* (*Kristján Hreinsson*)
(skoða líka *Mánaðapulu* í lesefni 2017 og/eða *Kött og mús* 2017)
13. Andheiti
14. Blíðlyndi (*Kristján Hreinsson*)
15. Orð (Þórarinn Eldjárn)

Snati og Óli (Þorsteinn Erlingsson)

Lestur eða samsöngur

Allir Heyrðu snöggvast, Snati minn,
snjalli vinur kæri,
heldurðu ekki hringinn þinn
ég hermannlega bæri?

Lof mér nú að leika að
látúnshálgjörð þinni;
ég skal seinna jafna það
með jólaköku minni.

Jæja þá, í þetta sinn
þér er heimil ólin.
En hvenær koma, kæri minn,
kakan þín og jólin?

Alvara lífsins (úr Jóni Oddi og Jóni Bjarna)

1. kafli

Lesari Jón Oddur og Jón Bjarni lágu hvor í sínu bóli og gátu ekki sofnað. Á morgun áttu þeir að byrja í skólanum. Spánnýjar skólatöskur lágu á stólum fyrir aftan rúmin þeirra.

Lesari Jón Oddur, hvíslaði Jón Bjarni. Má ég koma upp í til þín? Mér er svo ferlaga kalt á löppunum. Jón Oddur var dauðfeginn.

Lesari Heyrðu, sagði Jón Bjarni þegar hann var kominn undir sængina. Heldurðu að það verði gaman að vera í skóla?

Lesari Jón Oddur fann til hreykni yfir að Jón Bjarni skyldi spyrja sig að þessu. Tja, sagði hann, maður getur ekki vitað það. Kannski.

Lesari Það verður nú gaman að læra allt sem kennt er í skólanum, ha?

Lesari Jú, Jón Oddur samþykkti það. Nú fær maður að vita allt þetta sem við höfum stundum talað um, þú veist svona ýmislegt sem er svo asnalegt að spyrja um

- Lesari** Já, eins og til dæmis manstu, ef mamma okkar hefði ekki orðið mamma okkar, heldur einhver önnur kona, hvernig hefðum við þá orðið, ha?
- Lesari** Já, og hvenær heimurinn varð til, sko hvernig allt byrjaði.
- Lesari** Já, og hvenær eitthvað sem er endalaust endar ... eða sko, hvað endalaust er lengi ...
- Lesari** Jón Oddur kannaðist við þetta. Litlu heilarnir bræðranna hringsnerust af hugsunum. Þeir heyrðu fótatak og mamma kom inn.

2. kafli

- Lesari** Eruð þið ekki farnir að sofa? sagði mamma og breiddi betur ofan á þá.
- Lesari** Viltu nudda á mér lappirnar? sagði Jón Bjarni. Mamma, sagði hann, meðan hún var að strjúka á honum fæturna. Lærir maður *allt* í skólanum?
- Lesari** Nei, sagði mamma, en maður lærir ýmislegt. Maður þroskast og verður færari um að skilja lífið og tilveruna. Menntun á að gera mann að betri manneskju.
- Lesari** Jón Bjarni varð hugsí. Hafa mennirnir sem búa til stríðin aldrei fengið að ganga í skóla? spurði hann. Mennirnir sem búa til sprengjurnar og það allt?
- Lesari** Mamma horfði á hann og varð svolítið skrytín í framan. Hún strauk honum um hárið. Ojú, sagði hún loks. Sumir menn ganga í marga skóla til að læra að búa til spengur. Mönnum misheppnast stundum að mennta sig. Farðu nú að sofa.
- Lesari** Jú, það yrði gaman að fara í skóla. Um allt þetta ætluðu þeir að spyrja kennarann. Hann hlaut að vita allt svona lagað. Það yrði líklega ógurlega gaman að ganga í skóla.
- Lesari** Og svefninn lagðist yfir tvö örþreytt lítil heilabú, sem bráðlega myndu fá svör við öllum þessum erfiðu spurningum um lífið og tilveruna.

Mánaðapula (Kristján Hreinsson)

Lesari

Hann janúar er jökulkaldur,
hann jafnan geymir mikinn snjó,
í myrkri er að mörgu valdur
og mönnum gefur kyrrð og ró.

Lesari

Og febrúar svo ferskur lætur
hér fannir liggja yfir jörð
og stormar koma kaldar nætur
með klakabönd og frostin hörð.

Lesari

Hann mars hann er á marga vegu
magnaður um nokkra hríð
og stormaöflin ógurlegu
hér enda langa vetrartíð.

Allir

Þannig líður árið allt
og úti getur verið kalt
er allir dagar dansa hjá
og draumar okkar elta þá.

Lesari

Og apríl kemur oft með blíðu
og eyrun greina fuglasöng
er sólarljósið sendir þíðu
þá sést að dægri verða löng.

Lesari

Hann maí fær gjarnan góða dóma,
hann getur verið afar hlýr
þá fær að vakna fjöldi blóma
með fegurð sem í jörðu býr.

Lesari

Og júní kemur hér með hlýju
með honum tekur birtan völd,
og okkur gleðja enn að nýju
hin yndislegu sumarkvöld.

Allir

Þannig líður árið allt,
oftast hlýtt en stundum kalt
er allir dagar dansa hjá
og draumar okkar elta þá.

Lesari Í júlí ilmar allt af blóma
og urtir landsins stækka fljótt,
þá fuglasöng við heyrum hljóma
um hlýja, bjarta sumarnótt.

Lesari Og ágúst, hreinn og undurfagur
fær endað bjarta sumartíð
en þó að stöðugt styttist dagar
um stund hér vaka öflin blíð.

Lesari Í september fer senn að dimma
og sólin lækkar flugið þá
um fjöllin læðist frostið grimma
en fegurð haustsins víst má sjá.

Allir Þannig líður árið allt,
oftast hlýtt en stundum kalt
er allir dagar dansa hjá
og draumar okkar elta þá.

Lesari Í október því yndi lýkur
sem okkur veitti sumartíð
og brátt um landið fönnin fýkur
með frost og dökka vetrarhríð.

Lesari Og nóvember með dimma daga
og dulúð boðar kyrrð og frið,
þá birtist lífsins ljúfa saga
þótt langur vetur blasi við.

Lesari Í desember í dökkum skugga
svo dásamleg við eigum jól
og þegar frostrós grær á glugga
við getum séð að hækkar sól.

Allir Þannig líður árið allt
og úti getur verið kalt
er allir dagar dansa hjá
og draumar okkar elta þá.

Sögumaður

Fátækur bóndi og kona hans settust einu sinni að borði og höfðu eigi annað til matar en jarðepli. Konan varpaði öndinni mæðilega og mælti.

Lesari (konan)

Ó, ég vildi að við fengjum einhvern tíma eitthvað annað að borða en þessi jarðepli.

Sögumaður

Í sömu andrúnni stökk álfur upp á borðið og sagði.

Lesari (álfurinn)

Þið skuluð fá þrjár óskir. Segið þið til, hvað þið viljið fá.

Sögumaður

Konan var ekki lengi að hugsa sig um og sagði.

Lesari (konan)

Ég vildi að ég ætti mér álnarlangt bjúga til miðdegisverðar.

Sögumaður

Í sama bili datt bjúgað niður á diskinn hennar. Ánægjan skein út úr konunni við þetta, en maður hennar varð bálreiður og hrópaði í bræði sinni.

Lesari (maðurinn)

Alltaf ertu jafnheimsk. Ekki nema það þó, að óska sér bjúga þegar maður getur fengið eitthvað miklu betra. Það væri mátulegt handa þér að bjúgað að tarna yrði fast við nefið á þér.

Sögumaður

Þá stökk bjúgað upp á nefið á konunni. Og konan togaði í og karlinn togaði í en bjúgað sat sem fastast. Þá klóraði bóndi sér í höfðinu og sagði með grátstafinn í kverkunum.

Lesari (maðurinn)

Sjáðu nú. Tvær óskirnar eru búnar. Nú er ekki nema ein eftir. Og ekki geturðu gengið með bjúgað að tarna á nefinu alla ævi þína. Nú er ekki annað ráð en óska því burtu aftur.

Sögumaður

Þjúgað hvarf og álfurinn hvarf og hjónin settust aftur að jarðeplunum sínum og óskuðu sér nú einskis framar.

Kurteisi (*Kristján Hreinsson*)

Lesari 1 Ef er ég í einhverjum vafa
 2 og erfið mér kurteisin finnst
 1 þá vil ég í hávegum hafa
 2 þá hugsun sem kostar mig minnst.

Lesari 3 Ég sé það ef hógværð ég safna
 4 að samviskan er ekki blind
 3 og hugsun mín hlýtur að dafna
 4 í háttvísri birtingarmynd.

Lesarar
1 – 4
eða allir Þótt fjöldanum finnist það skrytið,
 þá frábært ég jafnan það tel,
 að kurteisi kostar svo lítið
 en kemur sér alstaðar vel.

MÁLFA RSMOLINN

Hugsanlegt að hver nemandi stigi fram og lesi einn málshátt eða tvo. Hægt að fækka eða fjölga málsháttunum, fer eftir stærð nemendahópsins.

1. Þegar kötturinn er úti leika mýsnað inni.
2. Sá vægir sem vitið hefur meira.
3. Margur er knár þótt hann sé smár.
4. Sá er vinur er í raun reynist.
5. Barnið vex en brókin ekki.
6. Það læra börnin sem fyrir þeim er haft.
7. Sjaldséðir eru hvítir hrafnar.
8. Allt er vænt sem vel er grænt.
9. Maður er manns gaman.
10. Oft er logn á undan stormi.
11. Góð íþrótt er gulli betri.
12. Margar hendur vinna létt verk.
13. Illur á sér ills von.

14. Oft kemur góður þá getið er.
15. Best er illu af lokið.
16. Margt er það sem í þokunni býr.
17. Öllu gamni fylgir nokkur alvara.
18. Aldrei verður á allt kosið.
19. Blindur er bóklaus maður.
20. Allir hafa börn verið.
21. Bók er best vina.
22. Tímarnir breytast og mennirnir með.
23. Fjarlægðin gerir fjöllin blá og mennina mikla.
24. Hverjum þykir sinn fugl fagur.
25. Sælla er að gefa en þiggja.

Gamla konan (*Úr handritum S.A.*)

- Lesari (Einn eða tveir saman)
- Einsetukona átti sér **hús**
og alhvítan kött, sem veiddi **mús**.
- Lesari Hún átti fátt og var ekki **rík**
nema átján kindur og smalatík.
- Lesari og eina mislita mjólkurkú,
já, mikið var þetta snoturt **bú**.
- Lesari Út frá bænum var iðgrænt **tún**,
og engið náði upp á heiðar**brún**.
- Lesari Hún elti kindurnar upp á **fjall**
og ærnar mjólkaði í stóran **dall**,
- Lesari svo fór hún beint í eldhús **inn**
og eldaði mjólkurdropann **sinn**.

Lesari Á hlóðunum sínum hafði hún **pott**
á hrygg úr hval var sætið **gott**.

Lesari Hún sat og horfði inn í **eld**
hvern einasta morgun, sérhvert **kveld**.

Lesari Hún átti ei bónda og engin **börn**
en aftur á móti grjónak**vörn**.

Lesari Þar malaði hún út á mjólkur**graut**
og máltíðarinnar dável **naut**.

Lesari Af kindunum sínum klippti hún **ull**
og keypti fyrir það barnag**ull**.

Lesari Og þarna flykkust fjölmörg **börn**,
þar var fallegt svell á stórra **tjörn**.

Lesari Og oftast þegar þau héldu **heim**,
hún hafði eitthvað að gefa **þeim**.

Draumur Óla (*Stefán Jónsson*)

Lesari (Einn eða tveir saman, gæti hentað vel að skiptast á línum.)

Eina nóttina nú fyrir skömmu,
eina nótt þegar allt var svo hljótt,
þá mælti hann Óli við mömmu:
Ó, mamma, ó, vaknaðu fljótt.

Lesari Hún spurði með undrun og ótta
hver ósköpin gengju á hér.
Hún spurði með undrun og ótta:
Ja, Óli, hvað gengur að þér?

Lesari Ó, veistu hvað, volaði Óli,
ó, veistu hvað, stundi hann hljótt.
Ó, veistu hvað, volaði Óli,
Ó, veistu, mig dreymdi svo ljótt.

Lesari Hvað dreymdi þig, drengur? hún spurði,
hvað dreymdi þig nú, litla skinn?

Hvað dreymdi þig, drengur? hún spurði.
Hvað dreymdi þig, ræfillinn minn?

Lesari En Óli gat alls ekki svarað,
hann uppi í bólinu sat.
Nei, Óli gat alls ekki svarað
en orgaði meira en hann gat.

Lesari Hún spurði: Hvað er þetta, Óli,
því ertu eins trylltur og ljón?
Hún spurði: hvað er þetta, Óli
því orgarðu svona eins og flón?

Lesari Þá sagði hann þann draum sem hann dreymdi,
að dreyma slíkt enginn er fús,
Hann sagði þann draum sem hann dreymdi:
Mig dreymdi ég væri orðinn mús.

Refurinn og krákan *(úr dæmisögum Esóps)*

Sögumaður 1

Kráka hafði nælt sér í stærðar ostbita í gluggakistu og hafði nú komið sér fyrir á hárrí trjágrein og ætlaði að fara að gæða sér á ostinum. Refur nokkur sá þennan girnilega bita í goggi krákunnar og reyndi nú að hugsa upp ráð til að ná honum.

Refurinn

Æ, kráka, en hvað vængirnir þínir eru fallegir! En hvað augun þín eru björt! Og hvað hálsinn er tignarlegur! Og brjóstið á þér er í rauninni eins og arnarbrjóst! Og klærnar - ég segi það satt - það jafnast ekkert á við þær hjá neinu dýri á jörðinni. Ef röddin í þér er í samræmi við fegurð þína ættir þú skilið að vera kölluð drottning fuglanna!

Sögumaður 2

Krákan varð svo upp með sér af smjaðri refsins að hún opnaði gogginn til að láta hann heillast af krunkinu - en þá datt ostbitinn og rebbi var fljótur að grípa hann. Og áður en hann gekk burtu kallaði hann til krákunnar:

Refurinn

Það má vel vera að þú hafir rödd, en hvar eru gáfurnar?

Gömul vísa um refinn (Einar Sigurðsson)

Refurinn hælir hrafni mest,
hann kunni að syngja fugla best,
krummi trúði og kvað við dans,
komst svo rebbi að osti hans.
Heimskur er sá sem hugnast orðin hæðins manns.

DÝRAÞULA (Kristján Hreinsson)

Lesari 1 Hér færi ég um víðan völl
og varla myndi drolla
og æddi jafnvel upp um fjöll
ef ég væri rolla.

Lesari 2 Í sauðahópnum sæi mig
sérhver labbakútur
því oft ég færi á efsta stig
ef ég væri hrútur.

**Talkór Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.**

Lesari 3 Ég hentist yfir hagann fljótt
og hlypi yfir síkin,
ég eflaust væri eftirsótt
ef ég væri tíkin.

Lesari 4 Ég myndi smala heilli hjörð
og helst ei stía sundur
og hlypi upp um ótal börð
ef ég væri hundur.

Talkór Svo dásamleg er dýraþjóð

Því dýrin eru ljúf og góð.

Lesari 5 Úr fjósi mínu færi ég
ef fengi ég að velja
og oft ég hlypi út á veg
ef ég væri belja.

Lesari 6 Með hornin ávallt upp í loft
eins og trylltur ruddi
ég myndi baula æði oft
ef ég væri tuddi.

**Talkór Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.**

Lesari 7 Ég gæti malað, mjálmað hátt
og myndi engan hræða
ég yrði sjálfsagt alltaf sátt
ef ég væri læða.

Lesari 8 Ég myndi klifra upp í eik
eins og Hrói höttur
og ætti kraft í allan leik
ef ég væri köttur.

**Talkór Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.**

Lesari 9 Ég myndi vappa vítt og breitt
um völlinn iðjagræna
og æti korn mitt yfirleitt
ef ég væri hæna.

Lesari 10 Mitt prik ég glaður gæti átt
og garg mitt yrði vani,
ég gala yrði afar hátt
ef ég væri hani.

**Talkór Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.**

Lesari 11 Ég myndi vera mild og góð
og myndi engan skamma,
ég eflaust myndi yrkja ljóð
ef ég væri mamma.

Lesari 12 Ég hugsa myndi hér um dýr
og hætta öllu kvabbi
ég segði ykkur ævintýr
ef ég væri pabbi.

**Talkór Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.**

ANDHEITI (*Tveir, eða fleiri lesarar stíga fram*)

Lesari 1 (eða fleiri)

Lesari 2 (eða fleiri)

dagur
sumar
ljós
hvítur
gleði
kuldi
suður
morgunn
rok
líf
stór
vestur
hlæja
svangur
langur
bjartur
skítugur

nótt
vetur
myrkur
svartur
sorg
hiti
norður
kvöld
logn
dauði
lítill
austur
gráta
saddur
stuttur
dimmur
hreinn

Bliðlyndi *(Kristján Hreinsson)*

Lesari 1 Með blíða lund hér búum við
2 sem börn hjá lífsins vegi,
1 göngum áfram, hlið við hlið
2 og heilsum nýjum degi.

Lesari 3 Ef leggst í dvala lundin blíð
4 og ljósið er á förum
3 þá biðjum við um betri tíð
4 með bros á okkar vörum.

Lesarar Hver hugur syngur lífsins lag
1-4 sem lofað öll við fáum
því andleg snerting er í dag
það eina sem við þráum.

ORÐ *(Pórarinn Eldjárn)*

Tveir lesarar:	Orð í eyrum orð á vörum sem við svörum sem við heyrum sem við segjum sem við beygjum.
(bætist við einn lesari)	Orð sem við þyljum orð sem við skiljum.
(einn bætist við eða fleiri)	Orð í breiðum uppi á heiðum. Orð á rangli stök á stangli.
(fleiri bætast við)	Orð í borgum orð á torgum Orð sem við orgum orð í sorgum
(fleiri bætast við)	Orðahlátur orðagrátur. Orðagátur orðaslátur.
(fleiri bætast við)	Orð sem arga orð að garga orð sem bjarga. Orð sem þvarga orð að farga.
(allur hópurinn)	Orð í straumi Orð í flaumi. Orð í laumi Orð í draumi.
(lesið sterkt)	Orð í orði Orð á borði. Orð af orði ORÐAFORÐI